



Alþingi
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2014
Tilvísun ÞÍ: 2014011531/0.2.1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga með síðari breytingum (EES-reglur, innleiðing, kærunefnd, haelismál.)

Þjóðskrá Íslands vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 17. janúar 2013, þar sem frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, 249. mál, þingskjal 457 er sent stofnuninni til umsagnar.

Hér á eftir fer umsögn Þjóðskrár Íslands.

**Athugasemdir við 15. gr. frumvarpsins
a. (35. gr.)**

Í 2. mgr. kemur fram að ákvæði kaflans gildi enn fremur um aðstandendur íslenskra ríkisborgara sem **fylgja** íslenskum ríkisborgara eða **koma til íslensks ríkisborgara sem snýr aftur** til Íslands eftir að hafa nýtt rétt sinn til frjálstrar farar samkvæmt EES-samningnum eða stofnsamningi EFTA í öðru EES- eða EFTA-ríki.

Þjóðskrá Íslands telur rétt að vekja athygli á að í framkvæmd reynir á fleiri tilvik þar sem aðstandandi íslensks ríkisborgara óskar eftir skráningu hér á landi en þau sem fjallað er um í ákvæðinu. Sem dæmi mætti nefna afkomanda íslensks ríkisborgara, sem ekki hefur rétt til íslensks ríkisfangs skv. lögum nr. 100/1952, sem kemur til landsins til dvalar hjá íslensku foreldri án þess að íslendingurinn hafi nýtt sér rétt til frjálstrar farar. Telur Þjóðskrá Íslands að nauðsynlegt sé að skýrt komi fram hvort um sé að ræða tæmandi talningu þar sem ákvæðið gefur til kynna að aðstandandi íslensks ríkisborgara eigi ekki jafn ríkan rétt til að dvelja hér á landi og aðstandandi annars EES- eða EFTA- borgara.

Einnig bendir Þjóðskrá Íslands á að nánari skýringar skortir með ákvæðinu á því hvað felst í því skilyrði að íslendingur hafi nýtt rétt sinn til frjálstrar farar, hvort takmarkaður tími megi hafa liðið frá því að Íslendingurinn sneri aftur, þarf hann að hafa flutt lögheimili sitt til annars EES- eða EFTA-lands, o.s.frv. Telur Þjóðskrá Íslands nauðsynlegt að skýrt liggi fyrir hvernig túlka eigi þau skilyrði sem ákvæðið kveður á um.



c. (35. gr. b.)

Í ákvæðinu kemur fram að aðstandandi EES- og EFTA-borgara sé meðal annars sambúðarmaki, ef aðilar eru í skráðri sambúð eða sambúð sem er staðfest með öðrum hætti.

Telur Þjóðskrá Íslands rétt að vekja athygli á að þrátt fyrir að einstaklingar sýni fram á sambúð í öðru landi þá geta þau gögn ekki talist forsenda fyrir skráningu í sambúð í þjóðskrá þar sem sú skráning byggir á að ákvæði lögheimilislaga nr. 21/1990 séu uppfyllt.

Óheimilt er að skrá einstaklinga í sambúð sem eru þegar í hjúskap samkvæmt 11. gr. hjúskaparlaga og verður því einstaklingur ekki skráður í sambúð ef hann er skilinn að borð og sæng eða er með óupplýsta hjúskaparstöðu. Skráningu í sambúð fylgja réttindi og skyldur sem eru skilgreind í lögum og hugtakið „skráð sambúð“ er ekki þekkt víða. Einstaklingar sem hafa búið saman erlendis uppfylla ekki ávallt þau skilyrði sem gerð eru til sambúðarskráningar hérlendis né eru þeir upplýstir um hvaða lögformlegt gildi slík skráning hefur, t.a.m. gagnvart forsjá barna. Gögn sem staðfesta sambúð tveggja einstaklinga staðfesta ekki endilega að aðilar séu ógiftir.

d. (36. gr.)

Þeir EES- og EFTA-borgarar sem nýta sér rétt til að dvelja hér á landi í allt að 6 mánuði, vegna atvinnuleitar, óska í mörgum tilfellum eftir að fá útgefna kennitölu án lögheimilisskráningar. Í þessum tilfellum telur Þjóðskrá Íslands mikilvægt að aðilar sýni fram á að þeir séu í atvinnuleit hér á landi áður en kennitala er gefin út. Í ljósi þessa telur Þjóðskrá Íslands mikilvægt að reglugerðarheimild ákvæðisins verði nýtt til frekari skýringa á hvar felst í hugtakinu atvinnuleit, enda ekki notast við hugtakið „virk atvinnuleit“ líkt og gert er í e. (36. gr. a.) í frumvarpinu.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Inga Helga Sveinsdóttir
Lögfræðingur